

MENNING

„Það þarf þolinmæði til að vefa“

Í fordyri Hallgrímskirkju stendur yfir sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur. **Ásgeir Ingvarsson** ræddi við listakonuna um ferilinn og listina og verkin á sýningunni.

SÓLRÍKUR sumardagur er í Reykjavík þegar ég hitti Ásgerði Búadóttur á heimili hennar. Hún vill ómögulega fara út í sólina fyrir ljósmyndarann sem er með í för – hún er búin að vera nógu mikið úti í dag.

Mér mætir roskin kona sem ber sig af reisu þótt hún láti lítið fyrir sér fara. Hún er hógvær; segist ekki kunna að koma hlutunum frá sér með orðum og langar að byrja að tala um verkin sem hún sýnir í fordyri Hallgrímskirkju:

„Ég hélt ég væri hætt að sýna en Jón Reykdal hafði samband við mig og spurði hvort ég væri til,“ segir Ásgerður af aðdraganda sýningarinnar. „Þegar ég fer uppeftir með Jóni verð ég mjög hrifin af þessu rými. Hátt til lofts og svo hreint og fallet.“

Á sýningunni gefur að líta fjögur verk eftir Ásgerði, tvö úr einkaeigu listamannsins og tvö sem fengin eru að láni hjá Listasafni Háskólans. Ásgerði þykir verkin fara vel í rýminu: „Opnunin var hátíðleg. Presturinn, Jón Dalbú, opnaði sýninguna en Jón Reykdal fjallaði um verkin og mig. Ég fór þaðan með gjöf, Passíusálm-ana áritaða af Jóni,“ segir Ásgerður og bætir við: „Þó að ég hafi nú oft hlustað á þá og lesið les ég núna á hverju kvöldi einn sálm úr bókinni.“

Litið yfir farinn veg

„Þetta eru stór verk á minn mælikvarða og frá mismunandi tímum. Það elsta kalla ég *Ís og eld* frá árinu 1976,“ segir Ásgerður af sýningunni. „Verkið gerði ég í tilefni af stofnun Norræna textílpriæringisins. Um var að ræða farandsýningu sem hófst í Álaborg í Danmörku og endaði á Kjarvalsstöðum.“ Innblásturinn að verkinu sækir Ásgerður, eins og nafnið gefur til kynna, til Íslands og hún útskýrir kímín: „Það er alltaf svoléiðis þegar ég er að vinna fyrir sýningar erlendis að ég verð svo stolt af landinu mínu.“

Önnur verk á sýningunni eru *Kyrrð* frá árinu 1993, *Dul* frá 1991 og *Sjö lífsfletir* frá 1977. Ásgerður segir mér sögu síðastnefnda verksins: „Það verk hefur sérstaka merkingu fyrir mig. Þetta var á kvenna-áratugnum þegar miklar listakonur voru áberandi innan FÍM, Félags is-



Morgunblaðið/Ásdís

„Þetta var svo sorglegt. Þær voru allar á besta aldri og á sínu blómaskeiði þegar þær féllu frá,“ segir Ásgerður Búadóttir um verk sitt *Sjö lífsfletir* sem hún óf til minningar um sjö íslenskar listakonur.

lenskra myndlistarmanna. Nína Tryggvadóttir deyr fyrst þeirra, og svo deyja þær bara hver af annarri: Barbara Arnason, Gerður Helgadóttir, Áslaug frá Heygum, Eyborg Guðmundsdóttir, og Ragnheiður Ream. Ég hafði hafist handa við að teikna verk, sex, sem ég kallaði lífsfleti – þá frétti ég að María Ólafsdóttir, sem vann mest úti í Kaupmannahöfn, væri dáið.“

Ásgerður byrjaði á nýju verki, *Sjö lífsfletum*: „Þetta var svo sorglegt. Þær voru allar á besta aldri og á sínu blómaskeiði þegar þær féllu frá. Þetta var mikil blóðtaka.“

Með vefstól í fartaskinu

Ásgerður á að baki langan og afkastamikinn listamannsferil. Hún nefnir sýningu í Japan og aðra sem haldin var undir merkjum *Scandinavian Today* í Bandaríkjunum.

En ferillinn hófst í Í Myndlista- og handiðaskólanum: „Þar hafði ég ákaflega góða kennara og við vorum látin teikna geysilega mikið. Svo fer ég eins og fleiri, þegar stríðinu lýkur, á Akademíu í Kaupmannahöfn. Þegar ég fer út er að vakna hjá mér löngun í eitthvað annað en að teikna eða mála. Þá uppgötva ég þetta efni, ullina,“ segir Ásgerður og bætir við: „Ég held ég hefði hvort eð er aldrei orðið góður málari. Þegar orðið var tímabært að snúa aftur til Íslands



Morgunblaðið/Golli

Ís og eld er meðal þeirra verka sem Ásgerður sýnir í Hallgrímskirkju um þessar mundir.

tók ég með mér vefstól, en veit ekkert hvað ég ætla að gera við hann.“

Fljótlega fór Ásgerður að láta að sér kveða í íslensku listalífi. „Mér fannst gott að nota ullina. Það var miðill sem ég gat túlkað með.“

Lengi vel vildi Ásgerður þó ekki láta kalla sig veflistakonur: „Ég get vel þegið þann titil núna,“ segir hún og hlær. „En á þessum tíma, þegar ég var í Félagi íslenskra myndlistarmanna, þar sem voru málara- teiknara, og myndhöggvara, þá

varð ég vond þegar verið var að flokka mig í sérstakan hóp. Í mínum augum vorum við öll í *listinni* og ullin var bara minn tjáningarmiðill.“

Þolinmæði listamannsins

„Ég óf alla daga. Þó að vefnaðurinn sé miðill sem eigi vel við mig er hann erfiður að vinna með. Vefurinn er þannig að þú verður að vita strax í byrjun hvernig á að vefa verkið. Það þarf þolinmæði til að vefa, því eftir heilan dag við vefnað bætast, kannski, ekki nema sjö sentímetrar við verkið.“

Ásgerður kom sér upp ágættri vinnustofu á gamla heimilinu sínu við Karfavog: „Ég fór í bílskúrinn, eins og svo margir listamenn gera en þar var svo lágt til lofts að ég lét gera tvo stóra loftglugga yfir vinnuadstöðunni. Svo ég leit upp til Guðs og hann niður til mín við vefstólinn,“ segir Ásgerður og útskýrir: „Ég held

að eftir því sem maður er með minna vinnupláss hugsi maður í smærri formi. Til að gera stóra hluti þarf maður stórt rými.“

Ög þannig vann Ásgerður verk sín, undir viðáttu himinsins.

aseigri@mbl.is

Sýning Ásgerðar Búadóttur í fordyri Hallgrímskirkju stendur til 26. ágúst.

Máttlaus flugelda-sýning

TÓNLIST

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Píanótónleikar

Verk eftir Beethoven, Schubert, Chopin, Scriabin og Marga Richter. Föstudagur 30. júní.

STRAX í upphafi Rondós í C-dúr eftir Beethoven mátti heyrna að píanóleikarinn Ann Taffel er músikölsk. Hún sýndi næma tilfinningu fyrir skáldskapnum sem tónlistin tjáir; laglínur voru fallega mótaðar og hljómurinn víða notalega mjúkur. Því miður var það engan veginn nóg í næsta atriði efnisskrárinnar, sem var Wandererfantasían eftir Schubert. Verkið gerir talsverðar kröfur til tæknilegrar færni píanóleikarans, en Taffel stóð ekki undir þeim. Velfestar hröðu nótnarunurnar voru ójafnar og eftir því óskýrar. Það sem eftir var drukknaði í óhóflegri pedalanotkun. Hljómar voru auk þess ekki í jafnvægi; oft voru bassanótur of sterkar miðað við þær efstu. Útkoman var býsna gruggug.

Svipaða sögu er að segja um annað stórvirkni á dagskránni, sem var Andante Spianato & Grand Polonaise Brillante eftir Chopin. Seinni kaffi verksins, pólónesana, var fullhæg og flugeldasýningin máttlaus. Það var eins og maður hefði keypt hina ægilegu skotkoku Egil Skallagrímsson – en hún svo sprungið eins og hver önnur knalletta. Auðvitað olli það gifurlegum vonbrigðum.

Ég geri ráð fyrir að taugaóstyrkur hafi að hluta til valdið þessum vandræðagangi. En það er ekki hægt að skrifa allt á stress. Sviðsskrekur getur vissulega orðið til þess að maður gerir ekki eins vel og annars, en oft verður fólk líka óhóflega taugaóstyrkt þegar það veit að það ræður ekki fyllilega við viðfangsefni sitt.

Nokkur hæg verk á efnisskránni komu mun betur út, t.d. voru þrjár Improvisasjónir eftir samtímatónskáld að nafni Marga Richter athyglisverðar og náði Taffel þar að skapa magnaða stemmingu. Noktúrna eftir Chopin var líka að mörgu leyti falleg. Verst að það dugði ekki til.

Jónas Sen

Footloose

„Fótafimin hitti í mark!“

„Áhorfendur stóðu upp í lok sýningar og klöppuðu bæði leikarana og leikstjórnann Unni Ösp Stefánsdóttur ítrekað upp.“
Fréttablaðið, grein 1. júlí 2006

„Vel heppnuð sýning!“

„Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Halla Vilhjálmisdóttir eru sannfærandi sem hið aðlaðandi ástfangna par enda bæði stórglæsileg með mikinn sviðsjarma.“
Morgunblaðið, gagnrýni 1. júlí 2006

Á ÞAKINU

3 SAGHS entertainment

Miðasala er í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Footloose

6. júlí	kl. 20.00	örfá sæti
7. júlí	kl. 20.00	örfá sæti
8. júlí	kl. 20.00	laus sæti
13. júlí	kl. 20.00	laus sæti
14. júlí	kl. 20.00	laus sæti
15. júlí	kl. 20.00	laus sæti

Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose

Á ÞAKINU

3 SAGHS entertainment

**Fáðu úrslitin
send í símann þinn**

mbl.is